

Flórgoðinn

Mikilvæg atriði

- Samkeppni um merki skólans. Skila inn tillögum fyrir 15. maí.
- Vorhátíð 31. maí.
- Mátun skólabúninga 10. og 11. júní frá 8-12 á bókasafni skólans.
- Undirbúa sig vel fyrir prófin.
- Nemendur í 8. bekk muna að skila val könnun.
- Allir hjólreiðamenn eiga að nota hjálm.
- Heilsdagsskólinn lokaður föstudaginn 31. maí vegna námskeiða starfsfólks.

Í þessum

Flórgoða

Ávarp skólastjóra	1
Verjum höfuðið Notum hjálm	1
Úr skólastefnunni	1
Myndbönd til sölu	
Vorpróf	2
Skólabúningar teknir í notkun í haust	3
Samkeppni um merki Áslandsskóla	4
Júnídagur Skólaslit Próftaka	4

Eru ekki allir í æfingu? Styttist í skólahlaupið.

Ágæti lesandi,

Nú eru **vorprófin** að fara í gang og í síðasta Flórgoða var frábær pistill frá námsráðgjafanum okkar, Björk Einisdóttur, um undirbúning og próftöku.

Próftöflur eða upplýsingar um próf hafa eflaust borist á heimilin þegar þetta er ritað og er kunnara en frá þurfi að segja að mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega. (Stundvíslega merkir ekki of snemma og ekki of seint).

Vorhátíð skólans er í fullum undirbúningi og gaman hefur verið að sjá foreldra og nemendur æfa af kappi undir

Áslandsskólahlaupið sem haldið verður í samvinnu við frjálsípróttadeild FH. Þá hefur skákdeild Hauka fengið öflugan

meistara til að tefla **fjöltefli** á sal skólans, og fær sá eflaust að svitna undan tápmiklu skákfólki héðan úr skólanum. Rétt að minna á að þátttakendur þurfa að hafa töfl meðferðis.

Aðalfundur foreldrafélagsins og foreldraráðs var nokkuð vel sóttur en um 80 foreldrar mættu á svæðið. Þar var skólastefnan kynnt sem og skólafatnaður og er farið betur yfir þau mál í þessu blaði.

Samkeppni um **merki skólans** stendur yfir og hafa þegar borist nokkrar hugmyndir. Frestur til að skila inn hugmyndum er til 15. maí og vonandi fær dómnefnd fleiri góðar hugmyndir til að vinna úr.

Síðustu skólavikuna, 2.-6. júní,

verða **fjölbreytilegir kennsluhættir** í Áslandsskóla. Þá vikuna munu ýmiss konar útivera og lengri og skemmri ferðir ráða ríkjum í skólanum. Upplýsingar um starfið í hverjum árgangi ætti að berast heimilum innan skamms. Í lok vikunnar, föstudaginn 6. júní, verða **skólaslit** og er fjallað um þau annars staðar í Flórgoðanum. Eins og sl. vor verður hægt að kaupa þær myndir sem framleiddar hafa verið í skólanum í vetur en ganga verður frá pöntun tímanlega. Margir hafa dregið reiðskjóta út úr bílskúrum og geymslum. Mikilvægt er að allir noti **hjálm** og eins og í öðru eru foreldrar fyrirmyndir barna sinna.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

Myndbönd til sölu

Myndbönd verða til sölu á skólaslitum. Á myndbandinu verða allar myndir sem framleiddar hafa verið í vetur.

Þeir sem hafa áhuga á að kaupa myndband verða að skrá sig á skrifstofu skólans **fyrir 20. maí.**

Verði er stillt í hóf og kostar myndbandið kr. 1.000.- Greiða verður fyrir myndbandið þegar fólk skráir sig á skrifstofu skólans.

Verjum höfuðið !!! ALLIR MEÐ HJÁL M

Nú á fyrstu dögum sumars draga nemendur og aðrir sprækir reiðskjóta sína úr bílskúlum og geymslum. Því er nauðsynlegt að áréttta ákveðin atriði þessu tengd.

- **Ekki er heimilt að koma á hjóli í skólann nema að vera með hjálm á höfðinu.**
- **Ekki er heimilt að koma með hlaupahjól, línuskauta eða hjólabretti í skólann.**
- **Enginn nemandi fer í hjólreiðaferð á vegum skólans nema að vera með hjálm á höfðinu.**

Svo er rétt að minna á að pabbar og mömmur eiga líka að nota hjálm.



Vorpróf í Áslandsskóla



“Ýttu undir sjálfstraustið sem skiptir svo miklu máli til að ná góðum árangri í námi”.



“Að kunna er annað og meira en að þekkja til sundurlausra staðreynda”.

Vorpróf í Áslandsskóla verða með eftirfarandi hætti í bekkjardeildum skólans:

1. bekkur - Ljósheimar

Vikan 12. – 16. maí **Lestur og lesskilningur**
Þriðjudagur 20. maí **Skrift**
Miðvikudagur 21. maí **Stærðfræði**

1. bekkur - Skýjaheimar

Vikan 12. – 16. maí **Lestur og lesskilningur**
Þriðjudagur 20. maí **Skrift**
Miðvikudagur 21. maí **Stærðfræði**

2. bekkur – Fjallheimar

Vikan 12. – 16. maí **Lestur**
Mánudagur 19. maí **Stærðfræði**
Miðvikudagur 21. maí **Skrift**
Fimmtudagur 22. maí **Lesskilningur**

2. bekkur – Jarðheimar

Vikan 12. – 16. maí **Lestur**
Mánudagur 19. maí **Stærðfræði**
Miðvikudagur 21. maí **Skrift**
Fimmtudagur 22. maí **Lesskilningur**

2. bekkur – Jöklaheimar

Vikan 12. – 16. maí **Lestur**
Mánudagur 19. maí **Stærðfræði**
Miðvikudagur 21. maí **Skrift**
Fimmtudagur 22. maí **Lesskilningur**

3. bekkur – Hnjúkaheimar

Vikan 12. – 16. maí **Lestur**
Þriðjudagur 20. maí **Lesskilningur**
Fimmtudagur 22. maí **Stærðfræði**
Föstudagur 23. maí **Skrift**

3. bekkur – Tindaheimar

Vikan 12. – 16. maí **Lestur**
Þriðjudagur 20. maí **Lesskilningur**
Fimmtudagur 22. maí **Stærðfræði**
Föstudagur 23. maí **Skrift**

4. bekkur – Dulheimar

Mánudagur 12. maí **Lestur**
Mánudagur 12. maí **Skrift**
Miðvikudagur 14. maí **Bókmenntir**
Föstudagur 16. maí **Stafsetning**
Mánudagur 19. maí **Stærðfræði**
Miðvikudagur 21. maí **Málfræði**
Fimmtudagur 22. maí **Ritun**
Föstudagur 23. maí **Lesskilningur**

4. bekkur – Undraheimar

Mánudagur 12. maí **Lestur**
Mánudagur 12. maí **Skrift**
Miðvikudagur 14. maí **Bókmenntir**
Föstudagur 16. maí **Stafsetning**
Mánudagur 19. maí **Stærðfræði**
Miðvikudagur 21. maí **Málfræði**
Fimmtudagur 22. maí **Ritun**
Föstudagur 23. maí **Lesskilningur**

5. bekkur

Miðvikudagur 7. maí **Lestur** Próf - skóli
Föstudagur 9. maí **Skrift** Próf - skóli
Miðvikudagur 14. maí **Lesskilningur** Próf - skóli
Miðvikudagur 21. maí **Náttúrufræði** Próf - skóli
Fimmtudagur 22. maí **Saga** Próf - skóli
Fimmtudagur 22. maí **Enska** Próf - skóli
Þriðjudagur 27. maí **Íslenska** Próf — skóli
Miðvikudagur 28. maí **Stærðfræði** Próf kl. 8:30

6. bekkur - Hetjuheimar

Þriðjudagur 13. maí **Danska** Próf - skóli
Fimmtudagur 15. maí **Stafsetning** Próf - skóli
Föstudagur 16. maí **Kristinfræði** Próf - skóli
Mánudagur 19. maí **Skrift** Próf - skóli
Mánudagur 26. maí **Líffræði** Próf kl. 8:30
Þriðjudagur 27. maí **Stærðfræði** Próf kl. 8:30
Þriðjudagur 27. maí **Enska** Próf kl. 11:00
Miðvikudagur 28. maí **Íslenska** Próf kl. 8:30

6. bekkur – Goðaheimar

Mánudagur 12. maí **Kristinfræði** Próf - skóli
Þriðjudagur 13. maí **Stafsetning** Próf - skóli
Miðvikudagur 14. maí **Danska** Próf - skóli
Mánudagur 19. maí **Skrift** Próf - skóli
Mánudagur 26. maí **Líffræði** Próf kl. 8:30
Þriðjudagur 27. maí **Stærðfræði** Próf kl. 8:30
Miðvikudagur 28. maí **Íslenska** Próf kl. 8:30
Miðvikudagur 28. maí **Enska** Próf kl. 11:00

7. bekkur – Jötunheimar

Miðvikudagur 14. maí **Lestur** Próf - skóli
Miðvikudagur 14. maí **Skrift** Próf - skóli
Mánudagur 19. maí **Danska** Próf - skóli
Þriðjudagur 20. maí **Stafsetning** Próf - skóli
Miðvikudagur 21. maí **Landfræði** Próf - skóli
Fimmtudagur 22. maí **Náttúrufræði** Próf - skóli
Fimmtudagur 22. maí **Enska** Próf - skóli
Mánudagur 26. maí **Saga** Próf kl. 8:30
Mánudagur 26. maí **Lesskilningur** Próf kl. 11:00
Þriðjudagur 27. maí **Stærðfræði** Próf kl. 8:30
Miðvikudagur 28. maí **Íslenska** Próf kl. 8:30

8. bekkur – Garpheimar

Fimmtudagur 15. maí **Danska** Próf - skóli
Föstudagur 23. maí **Landfræði** Próf - skóli
Mánudagur 26. maí **Stærðfræði** Próf kl. 8:30
Þriðjudagur 27. maí **Enska** Próf kl. 8:30
Miðvikudagur 28. maí **Íslenska** Próf kl. 8:30




Skólafatnaður í Áslandsskóla

*“..skólafatnaður
eykur einbeitingu
nemenda og
bætir
námsárangur..”*

Eins og kynnt var á aðalfundi foreldrafélagsins verður skólafatnaður tekin upp í Áslandsskóla á næsta skólaári.

Skólastjóri hefur allt frá því að hann tók við skólanum farið gaumgæfilega yfir þessi mál og ljóst er að kostirnir eru miklu fleiri en gallarnir.

T.a.m. var gerð könnun meðal 755 skólastjóra í Bandaríkjunum í maí árið 2000 á vegum NAESP (*National Association of Elementary School Principals*), þar af voru 96% þeirra almenningsskólar. Alls höfðu 56% þeirra notað skólafatnað í þrjú ár eða lengur.



Meginniðurstöður þessarar rannsóknar voru að:

- 84% skólastjóra sögðu skólafatnað bæta ímynd skólans
- 79% skólastjóra sögðu skólafatnað bæta vinnuaga í kennslustofunni
- 76% skólastjóra sögðu skólafatnað minnka þrýsting jafningjahópsins
- 72% skólastjóra sögðu skólafatnað bæta skólabraginn
- 67% skólastjóra sögðu skólafatnað auka einbeitingu nemenda
- 62% skólastjóra sögðu skólafatnað auka öryggi nemenda

*“..skólafatnaður
hefur aukið
sjálfstraust margra
nemenda..”*

Fyrirkomulagið í Áslandsskóla verður með þeim hætti að frá 1.-7. bekk samanstendur skólafatnaður af buxum, bol (lang- og stuttermá) og fleece peysu. Frá og með 8. bekk samanstendur skólafatnaður af bol (lang- og stuttermá) og fleece peysu.

Nú stendur yfir samkeppni um nýtt merki Áslandsskóla og verður það saumað í fatnaðinn sem nú eru til á lager áður en þeir verða afhentir á haustdögum og auðvitað í það sem pantað verður til viðbótar.

*“..skólafatnaður
skapar
líðsheild..”*

Foreldrar/forráðamenn mæta síðan með nemendur til að máta og panta fatnaðinn dagana 10.-11. júní. Þá verða mátunarklefar settir upp á bókasafni skólans milli kl. 8:00-12:00.

Það er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn og nemendur styðji þessa ákvörðun stjórnenda skólans þannig að innleiðing skólafatnaðar verði það framfaraskref í skólamálum sem það vissulega hefur möguleika á að verða.

Skólafatnaður hefur jákvæð áhrif á bekkjaranda, eykur námsaga og minnkar neikvæð áreiti nemenda á milli. Fatnaðurinn eykur samkennd og bætir námsárangur þar sem einbeiting nemenda við námið eykst til muna.



**Mátun og pöntun 10.-11. júní 2003 á
bókasafni skólans milli kl. 8:00-12:00.
Afhending og greiðsla 18.-22. ágúst 2003.**

Nýtt merki Áslandsskóla - hugmyndir að berast

Eins og kynnt var á dögunum stendur yfir samkeppni um merki Áslandsskóla.

Merkið skal taka mið af **stefnu skólans** sem kynnt var á aðalfundi foreldrafélagsins mánudaginn 28. apríl sl. Einnig skal taka mið af **náttúrulegu umhverfi** skólans.

Hugmyndum skal skila á skrifstofu skólans í síðasta lagi **mánudaginn 19. maí**. Merkja skal innlagða hugmynd: **SKÓLAMERKI**.

Með hugmyndum á að fylgja nánari útskýring á hugmynd þeirri sem sett er fram.

Stefnt er að því að draga fána skólans með nýju merki að húni á vorhátíð skólans laugardaginn 31. maí n.k.

Áslandsskóli

Kríúási 1

221 Hafnarfjörður

Sími á skrifstofu:

585-4600

Bréfsími:

585-4610

Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum/ sjálfri mér og öðrum.

Próftaka nemenda sem fara í leyfi

Eitthvað er um að nemendur fari í leyfi yfir próftímann. Slíkt er kannski ekki heppilegt en vel getur verið að í einhverjum tilvikum sé slíkt óhjákvæmilegt.

Ljóst er hins vegar að nemendur geta ekki tekið próf sem áætluð eru yfir leyfistímann áður en þau fara í leyfi. Hins vegar gæti verið möguleiki á próftöku eftir að komið er úr leyfi í samráði við kennara.



Nemendur!

Ekki gleyma að afhenda foreldrum **Flórgoðann** við fyrsta tækifæri.

Heilsdagsskóli lokaður 30. maí

Heilsdagsskólinn verður lokaður föstudaginn 30. maí.

Þann dag er skipulagsdagur kennara í skólanum og engin kennsla. Því hefur verið ákveðið að nota daginn í fræðslu fyrir aðra starfsmenn.

Heilsdagsskólinn verður síðan aftur opinn eins og venjulega mánudaginn 2. júní.



Fjölbreytilegir kennsluhættir í júní

Síðustu kennsluvikuna, 2.—5. júní verða kennsluhættir með fjölbreytilegum hætti. Þessa daga verður áhersla lögð á útiveru t.d. með lengri eða styttri ferðalögum. Umsjónarkennarar munu gefa út áætlun í sínum bekk með upplýsingum um kennsluhætti þessa viku. Þar verða einnig upplýsingar um hvort nemendur verða lengur eða skemur í skólanum þessa daga.

Skólaslit

Skólaslit skólaársins 2002-2003 verða föstudaginn 6. júní. Nemendahópurinn verður tvískiptur þetta árið. Nemendur í 1.-4. bekk mæta á sal skólans þennan morgun **kl. 9:30** og nemendur í 5.-8. bekk mæta á sal skólans **kl. 11:00**.

Athöfnin hefst eins og áður segir á sal skólans en lýkur í heimastofu.

Flórgoðinn

Fréttablað Áslandsskóla.

Ábyrgð, skrif, hönnun og umbrot:

Leifur S. Garðarsson skólastjóri